



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun 2019 - 2020

Leikskólinn Ösp



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat	5
Skýjaland.....	5
Regnbogaland.....	8
Stjörnuland	11
3 Ytra mat	13
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	14
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
6 Foreldrasamvinna.....	15
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
8 Fylgigögn.....	17
8.1 Fylgiskjal 1 - Tímarammi samstarfsáætlunar 2019 - 2020.....	17
8.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal 2020 - 2021.....	17
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	17



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið fór vel af stað í leikskólanum Ösp með innleiðingu fyrsta hluta menntastefnunnar. Félagsfærni varð fyrir valinu og var unnið markvisst að því að efla félagsfærni barna í fjölmenningslegu og margbreytilegu skólaumhverfi. Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor í fjölmenningsfræði, innleiddi „verkfærakistuna“ með starfsfólki skólans. Starfsdagar á haustönninni voru notaðir í þessa vinnu, einnig var ákveðið að tengja vinaverkefnið Blæ inn í þessa vinnu og fengum við fyrirlestur og kynningu á því efni á haustönn.

Fyllt var í öll pláss og ráðningar gengu ágætlega. Það var þó smá hreyfing á barnahópnum allt skólaárið vegna flutninga og nýrra barna sem byrjuðu á miðjum vetri.

Veturinn 2019-20 var áframhaldandi vinna með „Okkar Máls“ verkefnið og þau verkefni sem byrjað var á veturinn 2017 -2018. Mikil samvinna var milli leikskólanna Holts og Aspar og talmeinafræðinganna Bryndísar Guðmundsdóttur og Tinnu Sigurðardóttur.

Frá hausti voru settar upp þriggja vikna áætlanir út frá bæði hópum og einstaklingum. Bryndís og Tinna komu inn í Ösp þar sem þær unnu með börnum og starfsfólki að skipulögðum verkefnum og veittu ráðgjöf. Meginþættir og markmið þessara verkefna eru að vinna með orðaforða, grunnhugtök, máhljóð, hljóðkerfisvitund, málskilning – máltjáningu og stærðfræðigrunn. Unnið er á fjölbreyttan hátt að markmiðum í gegnum skipulagðar stundir, spil og í daglegum leik og samskiptum. Mikil áhersla er lögð á að hafa þemun og áætlanirnar sýnilegar og einnig er áhersla lögð á að fá foreldra í samvinnu við okkur til að leggja inn orðaforða heima á sínu tungumáli. Markmiðin og áætlanirnar eru sýnilegar uppi á hverri deild. Í dag er staðan sú að þessi vinna hefur fest sig í sessi í dagskipulagi allra deilda og koma talmeinafræðingar ekki lengur að þeirri vinnu.

Í samvinnu við Tröppu hefur talmeinafræðingur frá þeim komið vikulega og tekið börn í talþjálfun sem uppfylla skilyrði sjúkratrygginga fyrir talþjálfun inni í Ösp. Þetta mun halda áfram næsta starfsár.

Vorið 2020 sóttum við um, ásamt leikskólanum Holti og Fellaskóla, styrk í Sprotasjóð og Velferðarsjóð barna, sem við fengum. Ákveðið var að halda áfram samstarfi við talmeinafræðingana en þó með ögn breyttu sniði. Megináhersla verkefnisins verður með yngstu börnunum þar sem unnið verður markvisst að því að auka orðaforða og hugtakaskilning. Talmeinafræðingarnir munu kom inn strax í upphafi skólaárs og orðaforðaprófa öll börn leikskólans, og endurtaka svo aftur að vori 2021. Yfir veturinn munu talmeinafræðingarnir koma inn í skólann og veita foreldrum fræðslu um verkefnið, en starfsmenn fá fræðslu og tilsögn í vinnu með börnunum.

Töluverðar breytingar urðu á stjórn leikskólans um áramót þar sem Sólveig Þórarinsdóttir lét af störfum og Halldóra Sigtryggsdóttir tók við sem leikskólastjóri. Einnig hætti Þuríður Óttarsdóttir sem aðstoðarleikskólastjóri í byrjun mars og við tók Helga Hrund Bjarnadóttir um miðjan apríl. Líkt og annars staðar fundum við mikið fyrir verkfalli Eflingar þar sem þorri starfsmanna fór í verkfall. Á þeim tíma féll allt skipulagt starf niður í skólanum en þeir



starfsmenn sem eftir voru gerðu sitt besta til að halda rútínu. Stuttu eftir að starf hófst aftur þá skall Covid-19 á og féll þá niður allt skipulag aftur í langan tíma.

Vegna aðstæðna var ákveðið að halda áfram inn í næsta vetur með sömu áherslur í Menntastefnunni og frá áramótum náðist að senda átta starfsmenn á Blæ-námskeið. Stefnt verður að því að allir starfsmenn ljúki þessu námskeiði á haustönn og kemur Vanda Sigurgeirsdóttir inn með fyrirlestur um „Verkfærakistuna“, sem átti að vera haldinn í maí. Hún mun styðja við bakið á starfmönnum við innleiðingu verkefnisins og aðstoða við mat á árangri í lok árs.

4. maí byrjuðu hjólin aftur að snúast, bæði starfsmenn og börn mættu brosandi í leikskólann og var þá hafist handa við að koma dagskiplagi og reglu á starfið. Maí mánuður og fram í miðjan júní var tíminn vel nýttur til þess að halda vel utan um hópinn, bæði börn og fullorðna, og í stað þess að vera á leið í sumargírinn þá var mikill metnaður lagður í að koma skipulögðu starfi aftur í gang. Allt hópastarf, verkefnavinna og málörvun fór á fullan skrið aftur og alls konar hugmyndir litu dagsins ljós sem koma til með að vera vel nýttar.

Jákvæðni, gleði og metnaður hefur einkennt starfsmannahópinn síðustu tvo mánuði og förum við öll glöð í sumarfrí, en full tilhlökkunar inn í haustið.



2 Innra mat

Skýjaland

Haustið 2019 fór vel af stað og gekk aðlögunin vel fyrir sig. Við tókum aðlögun í þremur hollum. Á deildinni vorum við með 3 árganga, eitt barn fætt 2016 - átta börn fædd 2017 - sex börn fædd 2018. Næsta vetur 2020-2021 verðum við aftur með 3 árganga 2017-2018-2019 og af þeim verða 7 börn áfram á deildinni.

Málörvun og læsi

Málörvun og læsi fléttast inn í allt starf á Skýjalandi. Við unnum áfram með verkefnið frá talmeinafræðingunum en með smá breyttum aðferðum, unnið var með Lubba í staðinn fyrir Leikum og lærum með hljóðin. Lubbi er núna hluti af fyrstu samveru hjá okkur þar sem börnin fá að æfa hljóð vikunnar sem er unnið með í þrjár vikur í senn. Hver hópur er með skipulagða málörvunarstund einu sinni í viku. Næsta vetur ætlum við að breyta sniðinu þannig að hver hópstjóri er með ákveðna stöð í hópastarfi (málörvun, sköpun, hreyfingu og flæðilestur). Áfram munum við setja orð á athafnir yfir daginn. Flæðilestur var tekin inn í hópastarfið vorið 2020 og ætlum við að halda honum inni næsta vetur. Flæðilestur er þegar ein bók er valin og lesin fyrir lítinn hóp, fyrst allan hópinn og svo fyrir hvert og eitt barn, þannig að í hvert sinn hlusta öll börnin að minnsta kosti tvisvar á lesturinn. Hver hópur fær skipulagðan lestur einu sinni í viku og unnið verður með 4 orð og lag vikunnar. Unnið er með hverja bók tvær vikur í senn.

Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði og vellíðan heldur áfram með tannverndarverkefninu og eru tennurnar burstaðar eftir hádegismat (gert var hlé á tannburstun í covid ástandinu). Í fyrsta viðtali við foreldra í upphafi leikskólagöngunnar leiðbeinum við foreldrum hvar þau geta sótt um tannlæknaþjónustu ef þau óska eftir því. Vatnsbrúsar eru fyrir öll börn og á hvert barn sinn merka brúsa með mynd og nafni. Útivera er hluti af starfinu og við fórum út á hverjum degi þegar veður leyfði.

Samvera

Ákveðið var að bæta úr samveru á deildinni. Morgunsamveran var bætt með því að syngja nafnalagið og lögðum við áherslu á að börnin lærðu nöfnin sín og hinna barnanna, hvert barn fékk penna með mynd af sér og nafninu þeirra og við ætlum að bæta við Lubba tákni á pennann þeirra núna fyrir næsta vetur 2020-21 og læra Lubba tákni. Einnig klöppum við nafnið þeirra í atkvæðum. Í samveru fyrir hádegismat var ákveðið að auka bókalestur, ekki gekk það í vetur en unnið var með söng og hreyfilög. Markmiðið skólaársins 2020-21 er að lesa í samverustund bókina sem er notuð er í flæðilestrinum hverju sinni, og er unnið með eina bók í 2 vikur.



Markvisst starf

Á deildinni var samvera, hópastarf, útivera og söngur. Síðasta vetur var unnið með í hópastarfi; könnunarleikinn, skynörvun og málörvun. Næsta vetur ætlum við að leggja áherslu í hópastarfi á málörvun, sköpun, hreyfingu/skynörvun og flæðilestur.

Deildarfundir

Deildarfundir voru skipulagðir fyrir veturinn einu sinni í mánuði og framan af vetri gekk það vel en eftir áramót tókst ekki að fara eftir planinu vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Okkar mat er að nauðsynlegt er að hafa þessa fundi og myndum við frekar vilja fá þá eftir vinnu ef kostur er, heldur en að sleppa þeim.

Menntastefnan

Í vetur var innleiddur fyrsti hluti af menntastefnu borgarinnar og ákváðum við í Ösp að taka fyrir félagsfærni. Á Skýjalandi ætlum við að vinna með Blæ bangsa fyrir yngsta aldurstigið, öll börn á deildinni fá bangsa sem þau fá að hafa í leikskólanum og verður hann aðgengilegur á öllum deildum. Farið verður í félagsfærnisögur og verkefni sem henta yngsta aldursbilinu. Það verður líka kynning fyrir foreldra á námsefninu Blær bangsi og farið yfir mikilvægi þess að byrja strax að vinna með félagsfærni og því hvernig við eigum í samskiptum við aðra. Við á Skýjalandi ætluðum að byrja að vinna með Blæ eftir áramót en það gekk ekki vegna verkfalls/covid. Núna hafa flest allir starfsmenn á deildinni farið á Blæ námskeið og ætlum við að byrja að vinna með hann eftir sumarfrí og vinna markvisst með hann, þannig að hvert barn fer í skipulagða Blæ stund einu sinni í viku, við ætlum að bæta Verkfærakistunni frá Kvan við Blæ og vinna þannig að félagsfærni á deildinni.



Umbótaáætlun Skýjalands

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Bóka lestur/ Flæðilestur	Hver hópur fær einu sinni í viku skipulagða stund sem bók er lesin og rætt um bókina. Einnig er sama bókin lesin fyrir allan hópinn í samverustund.	Deildastjóri ákveður bókina og unnið með þá bók í 2 vikur	Deildarstjóri / starfsfólk deildar	Vorið 2020	Mái 2021	Meta fyrir og eftir áramót í skipulögðu deildarfundum. Orðaforðaprófannir talmeinafræðinga.	Aukinn orðaforði og skilningur hjá börnum. Að börnin sýni bókum og lestri bóka meiri áhuga.
List – sköpun og ferilmöppur.	Hver hópur fer einu sinni í viku í skipulagðar stundir. Ferilmappa þrjár skráningar ákveðnar fyrir og eftir áramót.	Festa list í hópastarfi. Fyrir fram ákveðnar skráningar á verkefnum.	Deildarstjóri og hópstjóri bera ábyrgð á framkvæmd	Byrjun september	Mái 2021	Meta á deildarfundum – myndir af skráningu.	Fleiri listaverkefni eftir börnin sett upp á deild eða í skúffuna
Hreyfistundir	Hver hópur fer einu sinni í viku í skipulagða hreyfistund	Hreyfi stund verður fest í hópastarfi	Deildarstjóri og hópstjóri.	Byrjun september	Mái 2021	Meta á deildarfundum	Taka myndir og gera skráningar.
Félagsfærni	Auka jákvæð samskipti allra barna á deildinni. Hvert barn fær skipulagða stund með Blæ	Vinna með Blæ bangsa og þematengd verkefni upp úr Blæ, sem er lykilinn að samvinnu og blanda því með Verkfæra kistunni	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk framkvæmir	Byrja í september allan veturinn	Mái 2021	Meta á deildarfundum og með börnunum t.d einfaldar spurningar	Markmiðið er að auka jákvæð samskipti á deildinni.



Regnbogaland

Haustið 2019 byrjaði Regnbogaland skólaárið sitt á nýjum stað í húsinu þar sem Regnbogaland og Stjörnuland skiptu um svæði. 16 börn fædd 2016 komu full orku að hausti frá Skýjalandi og þurftu aðeins að aðlagast nýjum aðstæðum og nýjum kennurum. Það voru virkilega góð kynni og mikil og góð samvinna hófst á deildinni. Deildin var vel mönnuð og mæting góð. Tvö börn voru með stuðning og fylgdu þeim starfsmenn.

Veturinn 2019 gekk vel. Börnin skráðu sig inn þegar þau mættu í leikskólann og „skrifuðu“ nafnið sitt og það gekk vel. Í morgunsamveru var farið yfir dagsskipulagið og Lubba. Starfsmaður á deildinni fór á Lubbanámskeið sem nýttist okkur vel. Börnin fengu öll merkt sæti sem við köllum „doppur“ með mynd af sér á og þau voru mjög fljót að komast upp á lagið með að sitja á doppunni sinni. Haldið var áfram að vinna með hópastarfið eftir áætlunum frá Bryndísi og Tinnu talmeinafræðingum og var hópunum getuskipt. Hver hópur var með fastan hópstjóra og við skiptumst á að vera á fjórum svæðum. Í fataklefa var farið í Lærum og leikum með hljóðin, í listasmiðju var skapandi starf, í fremri stofu voru spilastundir og í innra herbergi var félagslegur leikur. Eftir hópastarf var útivera og fyrir hádegismat vorum við í rólegheitum, skoðuðum bækur eða rólegum leik.

Eftir hádegismat fóru börnin í hvíld, öll fóru inn að hvíla sig og lang flest börnin sváfu. Tvö til þrjú börn fóru einu sinni í viku í hringekju á Stjörnulandi og stóðu sig með mikilli þrýði. Boðið var upp val eftir kaffitíma. Í valinu voru myndir af því sem var í boði og settu börnin myndir af sér á svæðið sem þau völdu. Passað var upp á að hafa alltaf nóg í boði til þess að allir gætu valið við sitt hæfi. Myndirnar nota þau einnig til að merkja sig inn og út úr leikskólanum og er með nafninu þeirra á og styður þau við læsið og læra þau einnig að þekkja nöfnin á hinum börnunum. Börnin máttu svo skipta um svæði ef losnaði. Þetta var mjög skýrt og myndrænt sett upp og hentaði vel okkar börnum.

Á vormánuðum eftir verkfall og covid- lokanir þá settum við upp málörvunar-hringekju einu sinni í viku fyrir Regnbogaland, fimm hópar og fimm stöðvar og fengum við að nota Stjörnuland líka á meðan þau voru úti. Það gekk mjög vel og munum við setja það inn í dagskipulag skólaárið 2020-21.

Foreldrasamstarf var gott og heimasíðan er komin í gagnið, foreldrar fengu einnig upplýsingar í tölvupósti og í lokuðum hóp Aspar á FB einnig voru allar upplýsingar sýnilegar í fataklefanum. Deildarfundir voru skipulagðir með reglulegum hætti og náðum við yfirleitt að halda þeim inni.

Í umbótaþætti síðustu starfsáætlunar var lögð áhersla á að **auka lestur bóka**. Bækur eru alltaf aðgengilegar á deildinni og gripin eru tækifæri til þess að lesa fyrir einstaklinga eða smærri hópa. Einnig höfum við lesið loðtöflusögur og hlustað á sögur sem hafa verið lesnar inn á Book Creator af starfsmönnum og þá er auðvelt fyrir allan hópinn að fylgjast með. Börnin hafa náð að æfa sig í að umgangast bækur og vegna smæðar deildarinnar og nánd milli nemenda og starfsmanna þá höfum við náð huggulegum stundum.

Tækifæri til umbóta: Innleiða markvissar lestrarstundir á deildina



List – sköpun og ferilmöppur

Við vorum með mjög mörg verkefni í listsköpun á fyrri önn vetrarins, fram að jólum. Börnin gerðu dagatal, þannig að það var markvisst unnið að 13 verkefnum sem foreldrar fengu heim um jólin í dagatali í jólagjöf. Ýmis verkefni hafa verið unnin eftir áramót en ekki jafn markvisst.

Stefnt er að því að halda list og sköpun inni af fullum krafti og gera verkefnastjóra á deildinni sem sér um verkefni í hópastarfi þar sem allir hóparnir koma í markvissa vinnu í sköpun.

Tækifæri til umbóta: Skráning og ferilmöppur voru ekki markvissar og skipulagðar þannig að þar þarf að bæta úr.

Hreyfistundir

Upphaflega hugmyndin var að hafa skipulagðar hreyfistundir þar sem við fengum til starfa íþróttatræðing. Það gekk ekki upp af ýmsum ástæðum og engar **skipulagðar** hreyfistundir voru á Regnbogalandi.

Við vorum mjög dugleg að fara út og þá var að sjálfsögðu hlaupið og klifrað. Ef veður var ómögulegt þá hoppuðum við og skoppuðum inni.

Næsta vetur munum við í daglegu inni-skipulagi leggja mesta áherslu á málörvun, félagsfærni og samskipti, hreyfistundirnar verða í útiveru og mun ég því ekki setja hreyfistundir í umbótaþáttinn að þessu sinni.

Félagsfærni og samskipti

Í vetur var byrjað að innleiða fyrsta hluta menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ fyrsti hlutinn sem var innleiddur var félagsfærni.

Blær var kynntur til leiks og fengu öll börnin bangsa og lítil bangsahólf, deildarstjóri fór á námskeið hjá Barnaheill. Aðrir starfsmenn eru byrjaðir að fara á námskeið og stefnt er að því að allir fari. Við settum upp upplýsingar fyrir börn, starfsfólk og foreldra varðandi Blæ og hvað það verkefni stendur fyrir og munum við halda áfram með það í vetur. Farið var í félagsfærnisögur og verkefni sem hentuðu okkar börnum og farið var yfir mikilvægi þess að vinna með félagsfærni og því hvernig við eigum í samskiptum við aðra. Við munum halda áfram í þessari vinnu á næsta skólaári.

Tækifæri til umbóta: Starfsfólk fór á námskeið hjá Kvan þar sem við fórum yfir „Verkfærakistuna“. Við munum tvíanna hana saman við Blæ og nýta okkur verkefnin úr Verkfærakistunni næstkomandi vetur.

Hópastarf

Stefnt er að því að breyta fyrirkomulagi í hópastarfi haustið 2020 og í stað þess að hafa hópstjóra þá verða verkefnastjórar. Starfsfólk fær þá yfirumsjón með ákveðnum þætti í hópastarfi og munu fá undirbúningstíma fyrir það. Unnið verður með sköpun, málörvun og félagsfærni. Samráð verður á deildarfundum hvernig þessu verður háttað og hvaða þætti starfsmenn taka að sér í verkefnastjórn.



Umbótaáætlun Regnbogalands

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hópastarf	Gera hópastarf markvissara fyrir starfsfólk og börn.	Starfsmenn verða gerðir verkefnastjórar og munu fá undirbúning til þess að skipuleggja sig.	Deildarstjóri og verkefnastjórar	Sept 2020	Júní 2021	Notum deildarfundi og samtöl á deildinni	Markmiðið er að öll börnin/allir hóparnir fái sömu verkefni
Markviss lestur	Auka á orðaforða og tryggja að öll börnin á deildinni fái gæða lestrarstund	Finna stund í dagsskipulagi og velja bækur við hæfi fyrir verkefnið	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar	Sept 2020	Júní 2021	Notum deildarfundi og samtöl á deildinni. Orðaforðaprófanir talmeinafræðinga	Markmið að börnin hafi tileinkað sér aukinn virkan orðaforða
Skráning og ferilmöppur	Ferilmappa, þrjár skráningar ákveðnar fyrir og eftir áramót	Fyrir fram ákveðnar skráningar á verkefnum	Deildarstjóri	Sept 2020	Mái 2021	Taka myndir af börnum í verkefnum og athöfnum og skrá í ferilmöppur	Að ferilmappan sé að mestu leyti tilbúin fyrir sumarfrí 2021
Félagfærni og samskipti	Auka jákvæð samskipti allra barna á deildinni	Vinna með Blæ bangsa og þematengd verkefni upp úr Blæ sem er lykilinn að samvinnu ásamt því að nýta verkefni úr Verkfærakistunni	Deildastjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk framkvæmir	Sept 2020	Júní 2021	Meta á deildarfundum og með börnunum t.d einfaldar spurningar	Markmið að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á börnin og hafi róandi áhrif á deildina og verði til þess að í framtíðinni verði þau lausnarmiðuð í samskiptum sínum



Stjörnuland

Veturinn 2019-2020 voru börnin á deildinni 22 fædd 2014 og 2015. Hópastarf gekk vel og þurfti ekki mikið að færa börn og starfsmenn til, unnið var eftir þeim sem einnig gekk vel. Veturinn 18-19 var svæðisflæði tekið út eftir kaffitíma og val sett inn í staðin sem gekk mjög vel og var því haldið áfram. Spjaldtölvunotkun var ívið minni þennan veturinn en undanfarin ár en börnunum gekk vel að fylgja reglum um notkun þegar unnið var með þær.

Samstarfsverkefni við ÍR

Samstarfsverkefni við ÍR um íþróttir í Fellaskóla hélt áfram undir leiðsögn þjálfara frá ÍR. Tímarnir voru skipulagðir sem stöðvar og leikir. Mikil ánægja var hjá börnum og starfsfólki. Unnið er að því að halda þessu samstarfi áfram næsta skólaár.

Hringekja

Eftir áramót var sú breyting gerð á dagskipulaginu að málörvunarhringekju var bætt við eftir hádegi, fyrst einu sinni í viku og síðar tvisvar. Gekk hún mjög vel og voru bæði börn og kennarar fljót að tileinka sér ný vinnubrögð. Hringekjan hefur fest sig vel í sessi og munum við halda henni áfram næsta skólaár. Hringekjan er lifandi og í stöðugri þróun.

Félagsfærni

Unnið var með félagsfærni, kennarar fóru á námskeið hjá KVAN í innleiðingu verkfærakistu. Deildarstjóri fór á námskeið með Blæ bangsa og eru aðrir starfsmenn byrjaðir að fara á námskeið. Við prófuðum okkur áfram í félagsfærni stundum og mun sú vinna halda áfram næsta skólaár. Við náðum ekki að festa þær stundir nægjanlega vel í dagskipulaginu en stefnt er að því næsta skólaár.

List – sköpun og ferilmöppur

Markmið síðasta skólaárs náðist ekki. Halda þarf áfram vinnu í ferilmöppum og skrásetja 3 verk/viðburði fyrir og eftir áramót. Festa þarf betur list- sköpun í hópstarfinu svo allir hópar óháð kennurum taki jafn mikinn þátt í skapandi starfi. Áætlað er að breyta fyrirkomulagi á hópstarfi, þannig að allir nemendur taki jafnan þátt í skapandi starfi. Starfsmenn munu sjá um ákveðið verkefni í stað þess að sjá um ákveðinn hóp.

Samverustundir

Veturinn 18-19 var farið í að breyta samverustundumun, haldið var áfram að þróa þær nú í vetur og hafa þær almennt gengið vel. Samverustundir eru lifandi og ekki er til ein uppskrift, þær eru því í stöðugri þróun. Mikilvægt er að halda lestri bóka þar inni líkt og gert var núna í vetur. Einnig væri gott að bæta inn stundum með bókalestri. Í litlum hópum þar sem börnin eru spurð út í efnið bókarinnar og sama bókina jafnvel lesin oft en einu sinni.



Umbótaáætlun Stjórnulands

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
List – sköpun og ferilmöppur.	Að festa sköpun betur í starfinu. Passa skráningu í ferilmöppur	Breyting á hópastarfi þar sem einn kennari heldur utan um listsköpun. Deildarstjóri og kennarar sameinast í því að skrá í ferilmöppur jafn óðum	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir framkvæma.	Í september 2020	Í Júní 2021	Deildin metur í sameiningu á fundum hvernig gengur með listsköpunina	Betri skráning í ferilmöppur og fleiri verk eftir börnin sýnileg fyrir foreldra
Félagfærni og samskipti	Betri samskipti milli barnanna. Festa félagsfærni stundir í starfinu.	Festa stundir í dagskipulagi. notum Blæ og verkfærakistuna. Hjálpa starfsmönnum að vera öruggir í þeirri vinnu. þekkja efni og hafa það tilbúið	Deildarstjóri sem og aðrir starfsmenn	Í september 2020	Í Júní 2021	Deildin metur hvernig stundirnar ganga og hverju þarf að breyta	Betri samskipti milli barna og færri árekstrar. að börnin leiti lausna ef upp kemur ágreiningur.
Aukin lestur	Hafa skipulagt hvenær er lesið og hvaða bók. Hafa hópana litla	Hafa bækur fyrirfram ákveðnar, bækur sem tengjast þemanu. Lesa sömu bókina oft en einusinni, spyrja út í söguna	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Í september 2020	Í Júní 2021	Deildin metur í sameiningu á fundum hvernig gengur Börnin spurð hvernig þeim finnst lestrar stundirnar. Orðaforðaprófun talmeinafræðinga.	Auka orðaforða og skilning barnanna.



3 Ytra mat

Það var gerð viðhorfskönnun starfsmanna frá borginni sem starfsfólk svaraði í febrúar og mars. Meðaltal allra þátta kom aðeins betur út en árið áður, en það sem við þurfum að stefna á að bæta næsta vetur er álag í starfi, vinnuaðstaða og ímynd skólans. Allt sem fram kom í könnuninni fara stjórnendur yfir og reyna að rýna til gagns svo hægt verði að bæta og hlúa sem best að starfsfólki.

- Styrkleikar eru ánægja með fræðslu og þjálfun, jafnrétti og jafnræði, starfsandi og upplýsingaflæði hefur orðið betra. Sami starfsmannahópurinn er búinn að vera lengi og stöðugleiki í starfsmannahaldi.
- Fólk upplifir álag í starfi og er gagnrýnið á vinnuaðstæður, sem eru bágbornar í Ösp. Huga þarf betur að skipulagi og vinnuaðstæðum með börnunum. Þetta er verið að skoða og verður vonandi komið í betra horf á næsta skólaári.
- Fram kemur að ímynd skólans sé ekki nógu góð og verður lögð áhersla á að breyta því viðhorfi. Mikilvægt er að styðja við faglegt starf í leikskólanum og tala á jákvæðan hátt um það flotta starf sem fer fram.
- Skólinn var valinn til að taka þátt í „Velliðan á vinnustað“ og hafa stjórnendur sótt námskeið hjá Skóla- og frístundarsviði varðandi það verkefni. Ýmsar breytingar hafa nú þegar orðið til góðs og áfram verður markvisst unnið með það á næsta skólaári.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Starfsmenn /Vinnuálag	Skýrar starfslýsingar – starfsmenn viti hvers er ætlast til af þeim.	Sýnilegt dagskipulag á öllum deildum svo starfsmenn viti hvað dagurinn ber í skauti sér.	Stjórnendateymi leikskólans, þ.e. leikskólastjóri – aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar.	September 2020	Maí 2021	Metið einu sinni í mánuði á deildarstjóra/deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur að fylgja dagskipulagi.	Að auka öryggi starfsfólks í starfi. Að það viti hvers til er ætlast af þeim.
Starfaðstæður	Að auka rými fyrir vinnu með börnunum og bæta vinnuaðstöðu starfsfólks.	Auka rými við leikskólann með skrifstofuskúrum á lóð. Er í vinnslu.	Stjórnendateymi leikskólans	Maí 2020		Verkefninu verður fylgt eftir af leikskólastjóra ásamt hennar yfirmönnum sem eru að vinna í málinu.	Rými til vinnu með börnum í litlum hópum eykst. Vinnuaðstaða starfsfólks verður bætt til muna.
Ímynd leikskólans	Að byggja upp jákvæða ímynd leikskólans.	Auka sýnileika á faglegu starfi skólans. Hrósa markvisst og vinna með jákvætt hugarfar.	Stjórnendateymi leikskólans ber ábyrgð en allir starfsmenn taka þátt í framkvæmd.	Ágúst 2020	Maí 2021	Starfpróunarsamtöl um líðan starfsmanna. Niðurstöður úr starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar.	Almennt jákvæðara viðhorf gagnvart skólanum. Að starfsmenn séu sýnilega stoltir af starfinu sínu.
Auka velliðan starfsfólks og styrkja hópinn	Auka velliðan og starfsánægju, að styrkja þannig hópinn	Stuðla að jákvæðum og bættum samskiptum á milli starfsmanna.	Stjórnendateymi leikskólans.	Ágúst 2020	Maí 2021	Snerpusamtöl leikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra.	Sýnileg velliðan og ánægja starfsfólks á vinnustaðnum.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Hefðbundin starfsmannasamtöl byrjuðu í maí og voru fram í júní. Vegna stjórnendaskipta, verkfalls og covid náðist ekki að byrja fyrr. Við sumarfrí eru 6 samtöl eftir en þau hafa verið tímasett í ágúst. Öll samtölin fóru fram í Gerðubergi þar sem við fengum aðgang að herbergi. Allir fengu góðan tíma til að undirbúa sig og voru markmið skráð sem og helstu atriði samtalsins. Á næsta starfsári stefnum við á að hafa snerpusamtöl, sem eru stutt samtöl sem tekin eru við starfsmenn á 6-8 vikna fresti. Leikskólastjóri tekur samtöl við deildastjóra og starfsmenn utan deilda. Deildarstjórar við sína deildarstarfsmenn og sérkennslustjóri við starfsmenn sérkennslu.

Fræðsla skólaárið 2019-20

- 20. september 2019, starfsdagur. Vanda Sigurgeirsdóttir frá Kvan kynnti verkfærakistuna.
- 4. október 2019, Breiðholtsbylgjan eftir hádegi, Brúarsmiðirnir frá miðju máls og læsis fyrir hádegi.
- 6. desember 2019, starfsdagur. Vanda Sigurgeirsdóttir með verkfærakistuna. Fræðsla um Blæ á vegum Barnaheilla með Holti.
- 3. janúar 2020, starfsdagur. Skyndihjálparnámskeið í Holti. Vanda Sigurgeirsdóttir með verkfærakistuna.
- 3. febrúar 2020, Vanda Sigurgeirsdóttir með verkfærakistuna á starfsmannafundi eftir vinnu.
- 27. maí 2020 (í stað 8.maí). Sameiginlegur með Holti og Fellskóla. Fyrir hádegi í deildarfundum og vinnu í skólanum. E.h. kynning talmeinafræðinga í Gerðubergi og svo kynning á „Draumaskólinn“ í Fellaskóla.
- 12. júní 2020 (í stað 16.mars). Hálfur starfsdagur nýttur fyrir hópefli fyrir starfsmenn, en þangað var fenginn þjálfari frá Kvan til að vera með „fjörefli“.
- Frá áramótum hafa 8 starfsmenn farið á Blæ námskeið.
- Deildarstjóri og sérkennslustjóri tóku Hljóm-2 réttindi í maí 2020.
- Starfsmaður sérkennslu fór á námskeið í PECS í júní 2020.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsverkefnið Okkar mál; meginmarkmið er að auka samstarf milli Aspar, Holts og Fellaskóla. Að nýta tækifæri sem gefst til samstarfs við stofnanir nærsamfélagsins:

- Efla foreldrasamstarf í leik- og grunnskóla
- Auka þekkingu kennara og starfsfólks á þeim þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku.
- Að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahóp.
- Að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluáðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms. Einnig að efla samvinnu leik- og grunnskóla, þannig að samfellan verði markvissari á milli skólástiga.



- Að afrakstri verkefnisins verði miðlað á fjölbreyttan hátt til annarra er gagn hafa af.

Hverju skilar það að vera í samstarfi við hverfisskólann í gegnum verkefnið:

- Eykur sjálftraust barnanna og þau eignast hlutdeild í grunnskólanum.
- Börnin læra á skólaumhverfið og þekkja starfsmenn og reglur skólans.
- Börnin eru öruggari við upphaf grunnskólagöngunnar.

Áætlun vetrarins gekk eftir að hluta til síðasta vetur en eftir áramótin féllu niður atburðir vegna Covid.

- Leikskólabörnin fara í Fellaskóla á degi íslenskrar tungu og taka þátt í hátíðarhöldum.
- Leikskólabörnum boðið á helgileik í desember
- Leikfimitímar á mánudögum í vetur í íþróttasal Fellaskóla
- Leikskólabörnum var boðið í smiðjur og frístund í apríl, en það féll niður vegna Covid
- 5.bekkur Fellaskóla les fyrir börnin í Ösp á vorönn á hinum ýmsu tungumálum
- Vorskóli Fellaskóla fyrir elstu börn Aspar, sem eru að hefja nám þar, var 18.- 20 maí.

Sjá tímaramma áætlunar í fylgiskjali 1

6 Foreldrasamvinna

Foreldraráð á að vera skipað 3 fulltrúum sem hittast tvisvar til þrisvar sinnum á ári með leikskóla og aðstoðarleikskólastjóra.

Foreldrafundur fyrir nýja foreldra var haldinn í september þar sem farið var yfir vetrarstarfið og boðið var uppá fyrirspurnir og umræður. Áætlun er að halda morgunfundi fyrir hverja deild fyrir sig næsta vetur þar sem starf leikskólans og deildarinnar verður kynnt fyrir foreldrum. Nú þegar hafa farið fram fyrstu viðtöl við foreldra nýrra barna sem koma til með að byrja í aðlögun í ágúst. Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri og viðkomandi deildarstjóri sjá um það viðtal. Í viðtölunum fá deildarstjórar upplýsingar um barnið og foreldrar fá upplýsingar um leikskólann, starfið og hvernig aðlögun er háttað

Í haust verður haldinn foreldrafundur fyrir alla foreldra Aspar og Holts þar sem nýja verkefnið verður kynnt fyrir þeim, farið yfir hversu foreldrar eru mikilvægir í máltöku barna sinna og gegna þar lykilhlutverki og þátttaka talmeinafræðingana er kynnt.

Foreldraviðtöl fara vanalega fram tvisvar á ári. Eitt á haustönn í október og að vorönn í febrúar/mars. Í vor dattu niður hin hefðbundnu foreldraviðtöl en foreldrum var boðið að koma í viðtal í maí ef þeir óskuðu eftir því. Í viðtölunum að hausti er farið yfir Hljóm-2 og þau próf sem gerð hafa verið, einnig er farið yfir líðan barna og hvernig gengur almennt séð í leikskólanum. Í seinna viðtalinu er farið í framfarir hjá börnunum og hvernig gengur í þeim verkefnum sem verið er að vinna í. Sett er upp skráningarblað fyrir foreldraviðtölin þar sem foreldrar geta skráð sig á þann tíma sem hentar þeim og óskað eftir túlki.

Foreldrafélag. Í Ösp er ekki rukkað í foreldrafélag af ýmsum ástæðum. En leikskólinn hefur greitt fyrir þá viðburði sem eru haldnir, eins og jólaleikrit og piparkökumálningu. Á vorhátíð



og jólaballi leggja allir til eitthvað á Pálínuhlaðborð, sem er fullt af kræsingum frá ýmsum þjóðlöndum og vekur alltaf mikla lukku. Vorhátíð var með öðru sniði í ár vegna Covid og voru foreldrar ekki þátttakendur í þetta skiptið, en leikskólinn fékk leikhópin Lottu til að sýna leikrit og var grillað í garðinum.

Hvernig samskiptum við erlenda foreldra er háttað.

Móttaka og aðlögun. Öllum nýjum foreldrum er boðið upp á fyrsta viðtal og er erlendum foreldrum boðið uppá túlk. Pappírar eru á þeirra móðurmáli ef hægt er, annars þýðum við þá í viðtölunum með túlk eða á því tungumáli sem þau velja.

Í leikskólanum er þátttökuaðlögun. Mjög oft höfum við túlka í aðlöguninni sem styðja við foreldra og börnin á meðan á aðlöguninni stendur. Við höfum stundum tekið t.d. pólska foreldra saman í hóp í aðlöguninni til að hafa stuðning af hvort öðru. Við höfum líka haft túlka eftir að þátttökuaðlögun líkur ef börn eru orðin eldri en borið hefur á aðskilnaðarkvíða vegna mismunandi aðstæðna sem börn koma úr.

Upplýsingagjöf á hverri deild er foreldraveggur þar sem allar upplýsingar eru hengdar upp á fyrir deildina og það sem er um að vera hverju sinni. Alltaf er hengt upp á vegginn þemað sem verið er að vinna með í leikskólanum svo foreldrar geti unnið heima á sínu tungumáli. Á veggnum eru starfsdagarnir hengdir upp fyrir árið, dagskipulag deildarinnar og leikskóladagatalið. Mikil áhersla er einnig lögð á að tala við alla foreldra um daginn og veginn og gefa þeim munnlegar upplýsingar varðandi daglegt starf. Mikil áhersla er lögð á að öllum líði vel og finnist þeir vera velkomnir í Ösp. Fyrir viðburði og ferðir reynir starfsfólk að ná á flesta foreldra með upplýsingar augliti til auglitis og ganga úr skugga um að upplýsingar séu rétt skildar.

Samræður um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku.

Tom verkefnið er ráðgjöf inn á heimilin um málörvun og læsi ungra barna sem þjónustumiðstöð Breiðholts stýrir. Er þá foreldrum boðið að fá heim til sín talmeinafræðinema í sex skipti, en þeir koma inn á heimilið og veita ráðgjöf varðandi málörvun- hvernig er best að lesa fyrir barnið – spila ofl. skemmtilegt sem hægt er að gera saman. Þetta er gert til að styðja við foreldra sem eru að ala upp börn í fjöltyngi. Mikil ánægja hefur verið með þetta á meðal foreldra sem hafa sótt um að taka þátt. Áframhald verður á verkefninu næsta vetur og þá býðst foreldrum að sækja um sem ekki hafa tekið þátt áður en það hefur verið miðað við 4 ára börn. Þetta verkefni féll niður að mestu eftir áramót en verið er að endurvekja það.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2020-2021

- 17. ágúst, hálfur dagur eftir hádegi (í stað þess sem féll niður 16. mars)
- 11.september 2020. Starfsdagur, allur dagurinn.
- 9.október 2020. Sameiginlegur starfsdagur með Fellaskóla, allur dagurinn.
- 20.nóvember 2020. Starfsdagur, allur dagurinn.
- 4.janúar 2021. Sameiginlegur starfsdagur með Fellaskóla, allur dagurinn.
- 12.mars 2021. Starfsdagur, allur dagurinn.
- 10.maí 2021. Sameiginlegur starfsdagur SFS.

Sjá leikskóladagatal í fylgiskjali 2

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Tímarammi samstarfsáætlunar 2019 - 2020

8.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal 2020 - 2021

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Aspar

Halldóra Sigtryggisdóttir

9.júlí 2020

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Tímarammi samstarfsáætlunar 2019 - 20

Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð - Mat og skráning	Umsjón	Tími
Ágúst	Verkefnastjórnir fara yfir tímasetningar og áherslur vetrarins. Starf í sept. undirbúið	Að skipuleggja samstarf vetrarins	OM-verkefnastjórnir - Fundargerð	V.STJÓR AR + 1.b. kennarar	28. ágúst kl. 13
September	Deildarstjórnir leikskólana velja lög fyrir Dag ísl. tungu.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum og skipuleggja samstarfið.	- Upplýsingum miðlað til OM-verkefnastjóra	DEILDAR STJÓRAR L	
	Deildarstjórnir og 1. bekkjarkennarar skipuleggja heimsókn 1. bekkjar	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum OM-verkefnisins.	OM-verkefnastjórnir - Fundargerð	DEILDAT STJ. OG KENN	
Október	1. bekkur heimsækir leikskólana Börnin sækja söngbókina sína og taka þátt í frjálsum leik. Auka söngbækur til ef vantar.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans. Að auka vægi söngs í 1. bekk.	Verkefnastjórnir á leikskólunum - Myndefni á vef - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	DEILDAT STJ. OG KENN	
Nóvember	Verkefnastjórnir skipuleggja starfið í nóvember	Að skipuleggja samstarfið og fræðslu á starfsdegi	OM-verkefnastjórnir - Fundargerð	V.STJÓR AR	
	Heimsóknir milli leikskóla Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórnir HÖ - Myndefni á vef - Deildarstjórnir fylla út matsblað	DEILDAR STJÓRAR L	
	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórnir - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	V.STJÓR AR	15. nóv.
Desember	Helgileikur Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6.bekk	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórnir HÖF - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	V.STJÓR AR	
Janúar	Verkefnisstjórnir fara yfir skipulag vормisseries og undirbúa starfið í jan. og feb	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórnir - Fundargerð	V.STJÓR AR	
Febrúar	Leikskólabörn koma í smiðjur	Að kynnst húsnæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórnir HÖF - Myndum miðlað á heimasíðum HÖF - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	V.STJÓR AR	
	Fundur um niðurstöður námsmats 1. bekkinga	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið	Deildarstjóri yngsta stigs, deildarstjórnir leikskóla, leik- og grunnskólastjórnir	DEILDAR STJÓRI/ SKÓLAST JÓRI G	
Mars	Verkefnastjórnir fara yfir skipulag starfsins í mars	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórnir - Fundargerð	V.STJÓR AR	
Apríl	Leikskólarnir skila grunnupplýsingum um stuðningsbörn v. frístundar.	Að efla upplýsingaflæði milli skólastiga og undirbúa komu leikskólabarna á grunnskólann.	Deildarstjórnir á leikskólum, deildarstjóri F, sérkennari og þroskaþjálfari	V.STJÓR AR	
	Verkefnastjórnir fara yfir skipulag starfsins í apríl	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórnir - Fundargerð	V.STJÓR AR	
Maí	Verkefnastjórnir endurskoða samstarfsáætlun og undirbúa vorskóla	Að skipuleggja samstarfið með áherslu á <u>valið efni</u>	OM-verkefnastjórnir - Fundargerð	V.STJÓR AR	
	Lestur í leikskólum Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (íslenska + móðurmál) í leikskóla	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvityngi	Verkefnastjórnir OM - Myndir og kynningarefni - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	V.STJÓR AR	
	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir hver öðrum. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórnir HÖF - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað - Myndir á vef og rýni á fundi OM-vstj.	V.STJÓR AR	
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskólans. Að miðla upplýsingum til foreldra um skólastarfið og auðvelda þeim og börnunum skólaskilin.	Skólastj., deildarstj. og verkefnastj. HÖF - Myndir og kynningarefni - Rýni á fundi OM-verkefnastjóra	V.STJÓR AR	

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna



Fylgiskjal 2

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Ösp**

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L		1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fulveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skirdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	Fridagur	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M	2 F
3 M	verslunarmanna	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ		4 F	4 S	4 M	4 F	4 M Skipulagsdagur	4 F	4 F	4 S Þáskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M		5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F Dagur stærðfræðinnar	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F	Leikskólinn opnar	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjómennadagurinn	6 Þ
7 F		7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L		8 Þ Dagur læsis	8 F	8 S Baráttudagur Síggn einelti	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S		9 M	9 F Skipulagsdagur	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	Hálfur skipulagsdagur, eftir hádegis	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Skipulagsdagur	10 F	10 L
11 Þ		11 F Skipulagsdagur	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M		12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F Skipulagsdagur	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F		13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F		14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L		15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S		16 M Dagur ísl. náttúru	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M		17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Öskudagur	17 M	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ		18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M		19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F		20 S	20 Þ	20 F Skipulagsdagur	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Barnamenningarhátíð	20 F	20 S	20 Þ
21 F		21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M Barnamenningarhátíð	21 F	21 M	21 M
22 L		22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur	22 M	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S		23 M	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F Barnamenningarhátíð	23 S Hvítasunnudagur	23 M	23 F
24 M	Setning grunnskóla	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F	24 L
25 Þ		25 F	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M		26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F		27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F		28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S Þámasunnudagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S		30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M			31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M		31 M		

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða fridagur nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dwellja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelldi í tíu til tuttugu virka daga.

Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021

Leikskólinn Ösp

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa

Sóley Ómarsdóttir

Trang Mit

Jósep Valur Guðlaugsson

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólustjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs:

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Aspar fyrir skólaárið 2020-2021 er vel unnin og gerir skilmerkilega grein fyrir þróun skólastarfsins síðasta ár og áætlun fyrir næsta skólaár. Töluverðar áskoranir hafa lent á nýjum stjórnendum skólans vegna verkfalla og kórónuvírusar, en það var mjög ánægjulegt að sjá hvað skólastarfið gekk þó vel í faraldrinum og upplýsingaflæðið til foreldra var til fyrirmyndar. Einnig var ánægjulegt að sjá hvað skólastarfið fór vel af stað þessa rúmu tvo sumarmánuði sem leikskólinn starfaði að fullu eftir samkomubanni var aflétt.

Það eru mörg spennandi verkefni í gangi í Ösp sem skemmtilegt verður að fylgjast með á komandi skólaári. Má þá sérstaklega nefna félagsfærni verkfærakistuna, Blæ vinaverkefni og talþjálfunarverkefnið sem er samstarfsverkefni Aspar, Holts og Fellaskóla.



Foreldrafélaginu þykir einnig mikilvægt að talmeinafræðingur muni áfram koma vikulega til að taka þau börn sem þess þurfa í talþjálfun.

Innra mat leikskólans er skýrt og heiðarlegt. Þar kemur vel fram hvað fór vel og hvað þarf að bæta. Starfið virðist ganga almennt vel í deildunum þremur. Áhugavert Ytra mat var framkvæmt og endurspeglar niðurstaða þess að starfsfólkið er yfir heildina ánægt en upplifir álag í starfi og þyrfti betri vinnuaðstæður. Starfsfólk upplifir ímynd skólans ekki nægilega góða en mögulega væri hægt að fá foreldra í samstarf um að bæta ímynd skólans.

Foreldrasamvinna hefur gengið ágætlega á árinu en það er þörf á því að virkja fleiri foreldra í foreldraráð. Síðasta árið hefur foreldraráð verið nánast óstarfandi, bæði verkfalla og covid19 en einnig vegna faliðunar. Vonandi verður þar bæting á næsta haust og nýir einstaklingar bætast í hópinn.

Að mati foreldraráðs er starfið hjá Ösp til fyrirmyndar yfir heildina, stjórn leikskólans góð og metnaðarfull og í skólanum er góður andi.

F.h. foreldraráðs Aspar

Sóley Ómarsdóttir



